Útvarpserindi Guðrúnar Friðgeirsdóttur um barnaheimili (1972).

Með breyttum þjóðfélagsháttum er eðlilegt að uppeldi barna breytist. Við höfum að mörgu leyti annað markmið og aðrar aðstæður en foreldrar okkar höfðu, svo ekki sé talað um afa okkar og ömmur. Menn vita nú meira um sálarlíf og þroskaferil barna, og hagnýting þeirrar þekkingar færist í vöxt, þótt hægt miði. Enn sem fyrr eru foreldrarnir og heimilið hið mikilvægasta fyrir börnin fyrstu æviárin, en þegar börn eru komin á 3ja ár hafa þau þörf fyrir að leika sér við önnur börn. Þessari þörf barnsins er jafn nauðsynlegt að fullnægja og öðrum þörfum þeirra, ef þau eiga að þroskast eðlilega og alhliða.

Víðast hvar í heiminum eru til dagheimili og leikskólar. Í sumum löndum eru þau álitin æskileg og jafnvel nauðsynlegur þáttur í uppeldinu á sama hátt og skólar. Þetta er fyrst og fremst viðleitni yfirvalda til að jafna uppeldisaðstöðu barna áður en hin raunverulega skólaganga hefst, og þar með viðurkennt í verki, að barnaheimilin veiti börnum þroskavænleg uppeldisskilyrði. Þróunin stefnir alls staðar í þessa átt, t.d. á Norðurlöndum og í Englandi, svo einhver lönd séu nefnd.

Eins og öllum er kunnugt, sem eitthvað hafa kynnst barnaheimilum, hér á ég bæði við leikskóla og dagheimili, getur ekkert heimili í borg nú á dögum veitt börnum sömu uppeldisskilyrði og gott barnaheimili gerir. Þar eru fyrir hendi þroskandi leikföng miðuð við aldur barnanna, sérstaklega menntað og þjálfað fólk til að gegna uppeldisstörfum, húsakynni og húsgögn, sem hæfa börnum, og síðast en ekki síst önnur börn. Barnaheimili kemur að sjálfsögðu ekki í staðinn fyrir heimili, heldur gefur það börnunum einmitt kost á þroskandi umhverfi, sem venjulegt heimili getur ekki veitt þeim. Hvorttveggja er barninu nauðsynlegt.
Félagslegan þroska öðlast barnið best á barnaheimilinu. Þar er barnið í samfélagi, þar sem allir hafa sama rétt og sömu skyldur, barnið lærir að lifa með öðrum, ekki við hliðina á öðrum, lærir að taka tillit til annarra og ábyrgðartilfinning þess þroskast.

Fóstrur, sem annast börnin á barnaheimilum, eru sérmenntaðar til þess að annast börn á leikaldri og leiðbeina þeim. Þær læra sérstaklega um hin ýmsu þroskaskeið barna til þess að geta skilið hegðun þeirra sem best og komið til móts við þau, þegar þess er þörf með því að hvetja, örfa og leiðbeina þeim á jákvæðan hátt.

Starfið á barnaheimilum er fjölbreytilegt og leikirnir margir, oftast frjálsir. Börnin fást mikið við að skapa, þ.e. búa til eitthvað með eigin höndum og huga. Þau teikna, mála, sauma, móta, klippa, líma, syngja, leika leikrit, leika alls konar hreyfileiki eftir hljómlist, og oft hafa þau gaman af að búa til texta við lag. Á sumum barnaheimilum er lögð mikil áhersla á hljómlist. Stundum situr hvert barn með sitt verkefni, en stundum vinna þau, einkum þau stærri, í hóp að sameiginlegu verkefni. Hugsum okkur, að börnin hafi heimsótt slökkvistöðina. Það er skemmtilegt og fræðandi fyrir börnin. Næsta dag stingur ein fóstra upp á því að öll eða þau börn sem áhuga hafa á, teikni og máli stóra mynd af slökkvistöðinni. Þá er tekið fram stórt blað og lagt á borðið eða gólfið og börnin setjast í kring og hvert þeirra fær sitt ákveðna verkefni, t.d. teikna tvö þeirra brunabílana, önnur húsið, enn önnur brunaliðsmennina o.s.frv. Þegar myndin er fullgerð, er hún hengd upp á vegg, svo að allir geti dáðst að henni. Frjálsir leikir og skapandi störf eru kjarninn í starfsemi barnaheimilisins og hafa margs konar gildi fyrir barnið. Barnið fær útrás fyrir athafnaþörf sína og tækifæri til að tjá sig, tjá tilfinningar sínar og hugsanir og hefur það ómetanlegt geðverndargildi. Barnateikningar sýna okkur t.d. oft margt og mikið úr hugarheimi barnanna, sem teiknuðu þær. Öll þessi frjálsu skapandi störf og leikir barnsins auðga ímyndunarafl þess og stuðla að því að gera það að athafnasamri og ánægðri manneskju. Öll veraldleg gæði getum við misst, en menntun getur enginn nokkurn tíma tekið frá manni og í raun og veru er hér um að ræða menntun í þess orðs eiginlegu merkingu. Hin svokallaða óþægð barna á oft rætur sínar að rekja til þess, að þau hafa ekkert að starfa við sitt hæfi. Á flestum barnaheimilum er ætluð stund á hverjum degi til að tala við börnin t.d. segja þeim sögur eða lesa fyrir þau, á þann hátt er hægt að auka orðaforða þeirra, æfa þau í að hlusta, skilja og einbeita sér. Oft er svo efni sögunnar eða bókarinnar rætt þegar upplestrinum er lokið og segir þá eitt og eitt barn frá í einu og hin hlusta. Þannig fá þau tækifæri til að æfa og bæta málfar sitt og orða hugsanir sínar skipulega.

Margt bendir til þess, að börn sem hafa dvalist á barnaheimilum séu að öðru jöfnu betur skólaþroska en hin sem alltaf hafa verið heima. Hafa rannsóknir erlendis leitt þetta í ljós og einnig er

þetta álit margra barnakennara. Barnaheimilisbörnin hafa betri félagslegan þroska, hafa lært að vera í hóp, vita t.d. að þegar kennarinn talar við allan hópinn, talar hann líka við hvert einstakt þeirra.

Þegar barnið hefur reglulega fengið æfingu í að nota pensil, blýant, skæri, liti og fleira, er það betur fært um að skrifa bókstafi og tölustafi, þegar það kemur í skóla. Hinar fínu hreyfingar með fingrunum, sem lítil börn hafa ekki vald á, þroskast líka við að raða og byggja úr litlum kubbum, þræða perlur upp á spotta og margt fleira, sem börn á barnaheimili fást við. Mörg leikföng fyrir þetta aldursskeið eru sérstaklega gerð til að þroska litaskyn, formskyn og þannig mætti lengi telja.

Til þess að fóstrur geti skapað æskilegt andrúmsloft og góðar aðstæður fyrir börnin, þurfa þær að hafa tök á að fylgjast með nýjungum í barnasálarfræði og uppeldisfræði, nýjungum í leikföngum, leikáhöldum og nýjum hugmyndum um rekstur barnaheimila yfirleitt. Fóstrur hafa þekkingu og reynslu, sem gerir þeim kleift með athugunum sínum að sjá, ef barn þarf hjálpar við vegna andlegra truflana og með samvinnu við foreldra og aðra geta þær stuðlað að bættri geðheilsu barna. Þær fá á skólagöngu sinni kennslu og æfingu í að gera athuganir á börnum og skrifa þær.

Það er skylda okkar sem foreldra og þjóðfélagsþegna að gefa uppeldisstörfunum á barnaheimilum mikinn gaum, veita fóstrunum hvatningu og örfun, meta og virða störf þeirra og hafa samvinnu við þær.

Hér á Íslandi er þróunin sú sama og annars staðar, áhugi á barnaheimilum fer vaxandi og fleiri og fleiri viðurkenna uppeldislegt gildi þeirra. Þessi þróun helst í hendur við aðrar þjóðfélagsbreytingar. Það verður æ algengara, að báðir foreldrar vinni utan heimilis og sú þróun verður ekki stöðvuð. Fólk, sem mælir gegn dagheimilum sem óhollum stofnunum, ætti fyrst að kynna sér starf þeirra og markmið og rekstur þeirra af eigin raun og leggja síðan fram jákvæðar tillögur um úrbætur. Næstum alltaf er hægt að gera betur alls staðar. Við megum ekki gleyma þeirri staðreynd, að stór hópur barna verður að vera á dagheimilum, nefnilega börn einstæðra foreldra. Það eitt ætti að vera okkur nægileg hvatning til að vinna að því, að dagheimili verði miklu fleiri hér á landi og sem best úr garði gerð, þ.e.a.s. að þau verði notalegur og öruggur staður fyrir börnin, þar sem þau

þroskast og líður vel meðan foreldrarnir eru í vinnu.

Þetta er mál sem kemur okkur öllum við, svo framarlega sem við viljum lifa í mannlegu samfélagi. Enginn faðir eða móðir getur heldur verið viss um að röðin komi ekki að þeim að verða einstæðir foreldrar. Í jafn ríku þjóðfélagi og er á Íslandi í dag, er það okkur til skammar hversu lítið þjóðfélagið kemur til móts við einstæða foreldra.

Í sambandi við dagheimilin langar mig til að segja frá atviki sem kom fyrir mig um daginn. Menntaskólastúlka sem verður stúdent í vor var stödd heima hjá mér. Ég mundi allt í einu eftir að hún hafði sagt mér einu sinni að hún hefði verið á dagheimili frá því hún var tveggja ára og þangað til hún fór að ganga í skóla. "Þú varst á dagheimili" sagði ég við hana. "Hvernig fannst þér það"? Svarið var á þessa leið: "Ég skil ekki hversvegna fólk kennir alltaf í brjóst um börn sem eru á dagheimilum. Við höfðum það alltaf gott og skemmtilegt, og ég er viss um að mömmur gefa sér ekki tíma til að gera jafn mikið fyrir börnin sín og kenna þeim jafnmikið og fóstrurnar á dagheimilinu gerðu."

Annars staðar á Norðurlöndum hafa umræður um uppeldisstörfin á dagheimilunum og markmið þeirra verið lifandi í mörg ár, bæði í dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi og reyna fóstrur og aðrir sem áhuga hafa á þessum málum að hafa áhrif á yfirvöld og knýja fram nýjungar. Má nefna til frekari fróðleiks að af 120 dagheimilum í Stokkhólmi hafa 20 verið rekin með svokölluðum systkinahópum um nokkurt skeið, þ.e.a.s. þar eru í hverjum hóp aðeins 10-15 börn, á aldrinum tveggja til sjö ára. Reynslan sýnir að mun betri árangur næst af starfinu með þessu fyrirkomulagi heldur en hinu hefðbundna og er til góðs bæði fyrir börnin, starfsfólkið og foreldrana.

Í fyrra lét Mæðrahjálpin í Danmörku gera rannsókn á rekstri Vöggustofa. Hér var um að ræða annarsvegar venjulega vöggustofu eins og þær hafa lengi verið reknar, og hinsvegar vöggustofu þar sem börnunum var skipt í smá hópa. Hver fóstra hafði aðeins fáein börn og var alltaf sama stúlkan með sömu börnin, sem hún sá um að öllu leyti. Leiddi rannsóknin í ljós að börnin sem voru í litla hópnum og nutu umönnunar sömu fóstrunnar, náðu hraðari og betri þroska og voru í betra andlegu jafnvægi en hin. Auðvitað er hægt að byggja og reka vöggustofur öðruvísi en gert

er víðast hvar í dag. Er furðulegt hversu lítil breyting hefur orðið á þeim síðastliðin 30-40 ár. Það má skjóta því inn hér að erlendis eru vöggustofur stundum reknar í tengslum við vinnustaðinn og geta mæðurnar komið í matar- og kaffihléum og gefið börnum sínum brjóst eða bara verið hjá þeim um stund.

Góð barnaheimili þjóna tvennum tilgangi, í fyrsta lagi, eins og áður hefur verið lögð áherzla á, hafa þau mikilvægt uppeldislegt gildi og í öðru lagi veita þau foreldrum sem vilja vinna utan heimilis félagslega þjónustu.

Það vill gleymast að láglaunafjölskyldur hafa afar oft ekkert val, báðir foreldrarnir verða að vinna utan heimilisins, hvort sem þeim líkar betur eða verr til þess að fjölskyldan geti lifað sómasamlegu lífi og haft í sig og á. En hvar eru börnin ? Ekki á barnaheimili því að þau eru of dýr á Íslandi fyrir láglaunafjölskyldur. Á sumum barnaheimilum er ekkert einasta verkamannsbarn, er þetta alveg gagnstætt því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum, þar sem fólk borgar víða barnaheimilisgjöld í samræmi við tekjur sínar. Sömuleiðis verður manni á að spyrja: Hvar eru börn þeirra mörgu mæðra í sjávarplássunum úti á landi, sem eru að vinna að úrvinnslu aflans, og eru ómissandi vinnuafl, þegar hann berst á land og ekki má bíða ? Ekki á barnaheimilum, því að þau eru sárafá í dreifbýlinu.

Vonandi verður dagheimilum og leikskólum fjölgað mikið hér á landi á næstu árum og vonandi verða þau byggð og innréttuð af framsýni, fóstrur og forstöðukonur hafðar með í ráðum um byggingar, breytingar og innréttingar. Það er kominn tími til að breyta til.

Við þurfum góð barnaheimili þar sem <u>öll börn</u> hafa <u>jafnan</u> aðgang að þroskandi umhverfi.

SPURNINGAR ÚR ERINDI GUÐRÚNAR FRIÐGEIRSDÓTTUR:

1. Að hverju stefnum við með barnauppeldi ?

2. Hvaða atriði eru ungbarninu mikilvægust til að tryggja vellíðan þess og grundvöll að síðara uppeldi ?

3. Á hvaða aldri er börnum nauðsynlegt að fá félagslegri þörf sinni fullnægt ?

4. Hvert er hlutverk dagheimilis og leikskóla í borgarsamfélagi nútímans til þess að auka þroska barnsins ?

5. Er dvöl á dagvistunarheimili (t.d. vöggustofu) barni skaðleg ?
   Hvaða kosti þarf gott dagvistunarheimili að hafa ?

6. Hvernig getum við helst barist fyrir fleiri og betri dagvistunarheimilum, sem veita öllum börnum jafnan aðgang ?